

# Námskeið í frumkvöðlafræðum

Búnaðarsamband Suðurlands og Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands  
standa fyrir námskeiði í frumkvöðlafræðslu á Suðurlandi

Á námskeiðinu er kennt m.a. hvernig koma megi auga á viðskiptatækifæri í nánasta umhverfi, og hvernig megi nýta sér það í ábataskyni. Kennendur eru mótun stefnu og markmiðasetning, grundvallaratriði við gerð viðskiptaáætlunar, vörupróun, markaðsmál, hvernig gera eigi fjárhagsáætlunir, fjármögnun viðskiptahugmynda, sala og samningatækni.

Þátttakendur munu vinna stutta viðskiptaáætlun á námskeiðinu og veitir Landsbanki Íslands verðlaun fyrir bestu viðskiptaáætlunina.

Allir sem eiga lögheimili á Suðurlandi geta tekið þátt í námskeiðinu.

Styrktaraðilar námskeiðsins eru:



Námskeiðið verður haldið á Selfossi og hefst **11. janúar nk. og lýkur 25. janúar**. Um er að ræða 40 kennslustundir.

Þátttökugjald er kr. 25.000.-. Innifalið er námskeiðsgögn, hádegisverður og kaffi.

Ábúendur á lögbýlum geta sótt um styrk frá Framleiðnisjóði. Vakin er athygli á að stéttarfélag veita endurmenntunarstyrki.

**Skráning á námskeiðið er hjá Búnaðarsambandi Suðurlands, sími 480 1800, Atvinnuþróunarsjóði Suðurlands, sími 482 2419 eða á heimasíðu Bssl, www.bssl.is**



## Nú vantar nautkálfa á stöð!

Ræktunarhópur Fagráðs í nautgriparækt fundaði á Selfossi þann 17. nóvember sl. en hann fjallar um kynbótastarf nautgriparæktarinnar og nautahaldið. Þar kom fram að framboð á nautkálfum á stöð hefur verið mjög dræmt í sumar og haust. Um ástæður þess er erfitt að fullyrða en sjálfsagt hefur orðið einhver tilfærsla á burði þannig að nautsmæðrahópurinn ber seinna í ár en í fyrra.

Nú er um að gera að taka við sér og bjóða okkur nautkálfa. Einkum og sér í lagi er mikilvægt að skoða það að bjóða okkur kálfa undan fyrsta og annars kálfs kvígum og kúm sem sæddar hafa verið með nautsfeðrum. Þær hafa að vísu ekki enn fengið kynbótamat en undanfarin ár hafa verið sendir út listar með ætternisspá ásettra kvígukálfa og hana má nota til hliðsjónar. Fyrst og fremst erum við leita eftir kálfum

undan kvígum sem hafa 117 eða hærra í ætternisspá. Þarna er einkum um að ræða dætur nautsfeðra eins og Völsungs 94006, Kaðals 94017, Punkts 94032 o.fl.

Núna er verið að taka kálfa á stöð undan Prakkara 96007, Hófi 96027, Fróða 96028, Hvítingi 96032 og Stíg 97010. Síðar í vetur koma síðan kálfar undan Teini 97001, Byl 97002, Brimli 97016, Randver 97029, Kubbi 97030 og Hersi 97033.

Þá er um að gera að sæða ungar kúr og kvígur sem hafa háa ætternisspá með nautsfeðrum, m.a. með það í huga að bjóða nautkálfa á stöð í fyllingu tímans. Verði kálfurinn kvíga er komin háættuð og efnileg kvíga. Munum að sæðingar á kvígum eru gjaldfrjálzar.

*Guðmundur Jóhannesson*

*Sími: 480 1808, netfang: mundi@bssl.is*

## Verðhækkun á mjólk til bænda en óbreytt verð til neytenda

Verðlagsnefnd búvara hefur tekið ákvörðun um að heildsöluverð á mjólk og mjólkurafurðum, sem nefndin verðleggur, breytist ekki nú um áramótin. Þetta þýðir að verð til neytenda er óbreytt þriðja árið í röð. Hins vegar hækkar verð til bænda um 3,4% sem er í samræmi við hækkun á vísitölu neysluverðs. Fulltrúar mjólkuriðnaðarins hafa lýst því yfir að ekki komi til verðbreytingar á öðrum mjólkurvörum að svo stöddu.

Síðustu almennu kostnaðarhækkningar sem settar voru í mjólkurverð til neytenda eru frá október 2002. Á fundi þar sem þessi ákvörðun var kynnt kom fram að

miðað við þróun almenns verðlags og áætlun fyrir 2005 má ætla að þessi ákvörðun þýði um 500 milljón króna lægri útgjöld fyrir íslenska neytendur á árinu 2005. Með sama hætti má ætla að útgjöld hafi verið 350 milljónum króna lægri á árinu 2004, eða um það bil 850 milljónir á tímabilinu 2004-2005. Þá segir að miðað við þessa stöðu mála, má telja að staða mjólkurframleiðslu og mjólkuriðnaðarins sé traust og greinin sé vel í stakk búin til að stuðla að lækkuðu vöruverði til neytenda og styrkja þar með samkeppnisstöðu sína.



# FRÉTTABRÉF

BÚNAÐARSAMBANDS SUÐURLANDS

Nóv. 2004 - 26. árgangur. - 15. tölublað

## EFNI BRÉFSINS

Er kornrækt vænlegur ...  
Bls. 1

Formannafundur  
Búnaðarsambandsins  
Bls. 1

Búfjárefirlit -  
haustheimsóknir  
Bls. 1

Allir nautgripir skulu  
merktir ...  
Bls. 2

Sviss leggur niður  
mjólkurkvóta ...  
Bls. 2

Frá Sauðfjarsæðingastöð ...  
Bls. 2

Sláturfölöð óskast  
Bls. 3

Mjólk með skyndibitanum  
Bls. 3

Hveituppskera í heiminum ...  
Bls. 3

Námskeið í sauðfjarsæðingum  
Bls. 3

Námskeið í  
frumkvöðlafræðum  
Bls. 4

Nú vantar nautkálfa á stöð  
Bls. 4

Ritstjórn:  
Jóhannes Hr. Símonarson,  
Runólfur Sigursveinsson,  
Guðmundur Jóhannesson.

Ábyrgðarmaður:  
Sveinn Sigurmundsson  
Sími 480 1800 - Fax 480 1818  
Netfang: bssl@bssl.is  
Vefslóð: http://www.bssl.is  
ISSN 1605-7546  
Prentun:  
Prentsmiðja Suðurlands ehf.

## Er kornrækt vænlegur kostur?

Fræðslufundur á vegum Búnaðarfélags Hörgslandshrepps, Nautgriparæktarfélagssins Leiðólfs og Búnaðarsambands Suðurlands verður haldinn á **Hótel Kirkjubæjarklaustri 2. desember n.k. kl. 13.00.**

Dagskrá:

1. Fóðrun til afurða. Runólfur Sigursveinsson ráðunautur fer yfir niðurstöður efnagreininga á heyjum sumarsins og ráðleggur um fóðrun út frá þeim.
2. Kynning á kornrækt. Jónatan Hermannsson, tilraunastjóri á Korpu.
3. Stofnkostnaður við kornrækt, Jóhannes Hr. Símonarson ráðunautur.

Allir velkomnir

## Formannafundur Búnaðarsambandsins

Hinn árlegi formannafundur Búnaðarsambandsins verður haldinn mánudaginn **29. nóvember 2004 á Hótel Selfossi og hefst hann kl. 13.30.** Viðfangsefni fundarins verður „Hlýnandi veðurfar og áhrif þess á lífríkið og landbúnað.“

Á fundinn eru boðaðir 2 stjórnarmenn eða fulltrúar frá hverju aðildarfélagi BSSL.

Dagskrá:

1. Fundarsetning, Þorfinnur Þórarinnsson, formaður BsSl.
2. Af vettvangi Búnaðarsambandsins, Sveinn Sigurmundsson, frkv.stjóri BsSl.
3. Breytingar í veðurfari og áhrif þess á lífríkið, Snorri Baldursson, aðstoðarforstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands
4. Landbúnaður í hlýnandi veðurfari, Bjarni Guðleifsson, plöntulífeðlisfræðingur á RALA
5. Önnur mál.

*Sveinn Sigurmundsson*

## Búfjárefirlit - haustheimsóknir

Skilafrestur á forðagæsluskýrslum var 20. nóvember sl. Þeir aðilar sem ekki skiluðu inn skýrslum fyrir þann tíma verða heimsóttir á næstu dögum af forðagæslumanni. Heimilt er að gjaldfæra slíka heimsókn á umráðamann búfjár skv. gjaldskrá sveitarfélaganna.

*Óðinn Örn Jóhannesson,  
Búfjárefirliti Árnes- og Rangárvallasýslum  
Austurvegi 1, Selfossi*

# Allir nautgripir skulu merktir

## 1. janúar 2006

Í reglugerð um merkingar búfjár nr. 463/2003 kemur fram að frá og með 1. janúar 2005 skuli allir nautgripir vera merktir og skráðir í MARK, gagnagrunn einstaklingsmerkinganna. Þessu ákvæði hefur nú verið frestað um eitt ár og tekur því gildi 1. janúar 2006. Það skal þó tekið fram að í samningi um starfsskilyrði mjólkurframleiðslunnar frá 10. maí sl. er gerð krafa um að kýr skuli skráðar í MARK til á fá gripagreiðslur en þær byrja 1. september 2006.

### Skýrsluhald — auðveldasta leiðin

Eins og staðan er í dag eru allar kýr í skýrsluhaldi nautgriparæktarinnar skráðar sjálfkrafa í MARK, þátttaka í því er auðveldasta og besta leiðin til skráningar. Þeir bændur sem utan skýrsluhaldsins standa þurfa að skrá sína gripi sérstaklega, annað hvort á Netinu (á [www.bufe.is](http://www.bufe.is)), sem krefst veflykils sem fá má með því að senda tilkynningu á pósthafið [mark@bondi.is](mailto:mark@bondi.is) eða á hjarðbókum sem Bændasamtökin og búnaðarsamböndin láta í té. Einnig er hægt að prenta þær út af heimasíðum Bændasamtaka Íslands, [www.bondi.is](http://www.bondi.is) eða Búnaðarsambandsins, [www.bssl.is](http://www.bssl.is). Hjarðbókum skal síðan skilað útfylltum til þessara sömu aðila. Þá er rétt að hvetja sem flesta bændur til að ná sér í aðgang að Mark til þess að geta farið yfir upplýsingar um lífgripi, pantað merki o.fl. Aðgangur að Mark gefur líka aðgang að Huppu, skýrsluhaldsgrunni nautgriparæktarinnar á netinu sem er að finna á slóðinni [www.huppa.is](http://www.huppa.is).

### Kálfar skulu merktir fæðingarbúi

Þá er rétt að benda á að nokkur hluti bænda á enn eftir að panta merki í kálfana. Þeir eru beðnir um að

bæta úr því hið snarasta. Þá skal það einnig áréttað að allir kálfar sem settir eru á skulu merktir fæðingarbúi og gildir þá einu hvort þeir eru settir á í eigin búi eða seldir til lífs.

Ef fólk er í vafa um eitthvað er varðar merkingar nautgripa er velkomið að leita upplýsinga með því að senda línu á [bhb@bondi.is](mailto:bhb@bondi.is).

Byggt á [www.bondi.is](http://www.bondi.is) /BHB

## Frá Sauðfjársæðingastöð Suðurlands

Nú í nóvember hefur staðið yfir söfnun á djúpfrystu sæði. Allmargir hrútanna á Sauðfjársæðingastöð Vesturlands hafa verið í heimsókn á stöðinni hér sunnanlands og eru alls 41 hrútur á Sauðfjársæðingastöð Suðurlands á meðan á frystingunni stendur. Útsending á fersku sæði hefst þann 3. desember n.k. og verður alla daga til 21. desember. Afgreiðsla sæðis í einstaka sveitir verður með hefðbundnum hætti og koma dagsetningar fram í nýrri hrútaská sem á að vera tilbúin til almennar dreifingar fimmtudaginn 25. nóvember.

aðstæður herra til fjalla þar sem m.a. er ómögulegt að koma við dráttarvélum. Um fjórðipartur er framleiddur á algerum og hálendum fjallasvæðum (í Ölpunum). Framleiðslukostnaður mjólkur í Sviss er því hár og mjólkurverð til bænda um 30 kr/kg mjólkur. Stuðningsgreiðslur nema 7-19 kr/kg eftir því hve hálent viðkomandi býli er. Um 40% mjólkurinnar fer til ostaframleiðslu, sem Svisslendingar eru frægir fyrir, og 2007 verða viðskipti með osta milli ESB og Sviss gefin frjáls. Svisslendingar horfa því fram á að það er lífsnauðsyn fyrir þá að gera breytingar á framleiðslu-umhverfinu.

Heimild: [www.landbrugsavisen.dk](http://www.landbrugsavisen.dk)

## Sviss leggur niður mjólkurkvóta 2009

Sviss hefur ákveðið að 1. maí 2009 verði mjólkurkvóti aflagður þarlendis þó svo að ESB hafi ákveðið að kvótakerfi þess verði við lýði til a.m.k. 2015 og svissneskir bændur hafi lýst andstöðu við ákvörðunina.

Frá 1. maí 2006 verður mögulegt að skipta mjólkurkvóta út í stað samnings um að framleiða samsvarandi magn mjólkur. Þannig ætla Svisslendingar að skipta um framleiðsluumhverfi í mjólkurframleiðslunni á næstu árum.

Meðalbústærð í Sviss er nú 17 kýr og 87 þús. kg mjólkur. Aðeins 40% mjólkurinnar er framleidd á góðu, frjósömu landi í svissnesku dölunum en afgangurinn er framleiddur við harðbýlli og misjafnari

## Sláturföld óskast

Kjötframleiðendur hf.; Ísteka ehf. og Í-ess bændur óska eftir földum til slátrunar til að tryggja vikulegan útflutning. Ef þetta næst ekki falla niður gerðir samningar við kaupanda erlendis, sem greiðir mjög hátt verð fyrir hrygginn með beini, sem gefur vonir um enn meiri hækkun næsta ár. Vegna verðsamkeppni og hækkunar á verði innanlands, er boðið hækkað verð til innleggjanda fyrir sláturföld þyngri en 70 kg, án

hupps og síðu, 180 kr á kg, frá og með nóvembermánuði, með möguleika á hækkun í lokauppgjöri við lok sláturtíma.

Nánari upplýsingar eru veittar hjá skráningraðilum, sem skrá niður pantanir:

- Guðni Ragnarsson,  
Guðnastöðum, í síma 487 8573 eða 898 6124
- Birkir Tómasson,  
Móeiðarhvoli 2, í síma 487 8077 eða 897 8082

Þar sem um vikulega slátrun er að ræða á um 37 földum þarf að raða niður slátruninni og staðfesta pöntun miðað við ákveðna sláturdaga.

*Kristinn Guðnason*  
*F.h. Félags hrossabænda*  
*Halldór Gunnarsson*  
*F.h. Í-ess bænda*

## Örmerki í stað hálsbandanna

Danskir kúabændur eiga þess nú kost að skipta hálsböndum út fyrir örmerki sem sett eru í eyru kúnna. Þetta þýðir minni vinnu, minni villuhættu og það sem mest er um vert að örmerkin eru töluvert ódýrari en hálsböndin.

Enn sem komið eru það einungis mjalta- og fóðurkerfi frá Westfalia sem geta lesið eða numið örmerkin en aðrir framleiðendur munu fylgja í kölfarið innan skamms.

RYK, Dansk Kvæg í samstarfi við Westfalia og þá tvo aðila sem framleiða eyrnamerki í Danmörku (Allflex og DigiTag) hafa þróað búnað sem les örmerkin í mjaltabásnum. Þannig eru merkin bæði einstaklingsmerki fyrir hvern og einn grip auk þess að nýtast fyrir mjalta- og fóðurkerfin og koma þannig í stað hálsbandanna. Þá nýtast merkin einnig fyrir bæði dýralækna og frjótækna og stórminka þannig villuhættu við innslátt þar sem gripurinn er lesinn sjálfvirk inn í handtölvu.

Hálsböndin kosta 2.500-6.000 kr. stykkið (breytilegt milli framleiðenda) meðan að örmerkin kosta aðeins um 400 kr. stykkið og allt niður 175 kr. ef um mikið magn er að ræða.

[www.landbrugsavisen.dk/GJ](http://www.landbrugsavisen.dk/GJ)

## Námskeið í sauðfjársæðingum

Námskeið í sauðfjársæðingum verður haldið á Stóra-Ármóti **þriðjudaginn 7. desember n.k. kl. 13.30**. Leiðbeinandi verður Þorsteinn Ólafsson, dýralæknir. Nýir og reyndir sæðingamenn velkomnir.

## Mjólk með skyndibitanum

Sala á mjólk á skyndibitastöðum í Bandaríkjunum hefur stóraukist að undanfögnu. Þetta á sérstaklega við um hinar þekktu keðjur McDonald's og Wendy's. Hjá Wendy's hefur sala á mjólk fimmtánfaldast síðan í júlí og hjá McDonald's hefur hún tvöfaldast frá því í maí.

Þetta er mjög athyglisvert, einkum í ljósi þess að neysla mjólkur í Bandaríkjunum hefur stöðugt dregist saman síðan á sjöunda áratugnum og að bæði Wendy's og McDonald's hafa haft mjólk á boðstólum áratugum saman. Ástæðan er ekki sú að verið sé að bjóða mjólk á tilboðsverði með skyndibitanum heldur þvert á móti. Verð á mjólk með skyndibita samsvarar því að að mjólkurlítrinn kosti milli 270 og 280 kr lítrinn út úr búð. Þessi aukning í mjólkursölu er ekki svæðisbundin heldur á sér stað um öll Bandaríkin en virðist þó einkum bundin við börn. Einnig er athyglisvert að sala á gosdrykkjum hefur ekki minnkað á sama tíma.

Helsta ástæðan virðist vera sú að farið er að selja mjólk í 24 cl. plastflöskum í stað 24 cl. pappafernum áður og markaðssetja með skyndibitanum, þ.e. sömu vörumerki á hvoru tveggja. Þetta virðist hafa hitt í mark.

Þá hefur Burger King í ljósi mikillar sölu hinna keðjanna hafið sölu á mjólk á þeirra skyndibitastöðum.

Þarna virðast Bandaríkjamenn hafa hitt naglann á höfuðið í markaðssetningu mjólkur. Í fyrsta lagi auka mjólkurneyslu hjá yngstu kynslóðinni sem er ekki bara hollt og gott heldur mikilvægt fyrir mjólkurneyslu í framtíðinni. Í öðru lagi er mjólk einfaldlega það allra besta með skyndibita, þ.e. hamborgurum, pylsum og pizzum. Um þetta geta menn haft mismunandi skoðanir. Í þriðja lagi vinna að markaðssetningu með stórum keðjum sem hafa öflugt sölu- og markaðssetningarkerfi og tengja neyslu mjólkur við neyslu annarra vinsælla matvara og vörumerkja.

Heimild: *Wall Street Journal Online*,  
[www.online.wsj.com](http://www.online.wsj.com)